

Virkjum alla - rafrænt samfélag



“Skjálfandi í faðmi þekkingar”

Hvað er rafrænt samfélag?

Samskipti og samvinna tengja einstaklinga samfélagsins saman. Frá upphafi hafa bæjartorg og kaupstaðir verið vettvangur fyrir miðlun, samskipti og viðskipti milli einstaklinga og fyrirtækja vegna þeirrar nálægðar sem þar er. Rafrænt samfélag getur hinsvegar verið óháð staðsetningu því þar er upplýsingatækni nýtt til þess að skapa slíkan vettvang óháð fjarlægð og búsetu. Með rafrænum hætti eru því hin mörgu torg samfélagsins færð til fólksins.

Tilgangurinn með þróun rafrænna samfélaga er margþættur. Megin markmiðið er að bæta lífsskilyrði íbúanna með því að færa þjónustu nær þeim, bjóða upp á meira aðgengi að fræðslu og afþreyingu. Jafnframt að samnýta betur ýmsar þjónustur í hagræðingarskyni eða til þess að geta veitt víðtækari þjónustu. Uppbygging á rafrænu samfélagi er samfélagslegt mál. Árangur byggir á skilningi á samfélaginu og íbúum þess og skilningi íbúa á rafrænu samfélagi.

Virkjum alla – rafrænt samfélag er þriggja ára átaksverkefni Húsavíkurbæjar, Aðaldælahrepps og Þingeyjarsveitar sem hlaut styrk frá Byggðastofnun árið 2004. Aðalsamstarfsaðilar eru Heilbrigðisstofnun Þingeyinga og Sparisjóður Suður-Þingeyinga, ásamt ANZA hf sem er helsti tæknilegi lausnaraðili verkefnisins, Idega og Auðkenni ehf. Markmið verkefnisins er tvíþætt; annars vegar að auka þekkingarstig íbúa í notkun á upplýsingatækni með fjölbreyttu úrvali tölvunámskeiða og hins vegar að færa þjónustu sveitarfélagana í rafrænt form og gera íbúum þannig kleift að sinna erindum sínum á þjónustutorgum sem opnuð verða á vefsíðunni: www.skjalfandi.is

Ávinningur fyrir íbúa

Til þess að rafrænt samfélag blómstri þá þarf þátttaka íbúanna að vera víðtæk og slík þátttaka næst ekki nema ákveðnum skilyrðum sé fullnægt. Til staðar þarf að vera:

Áhugi til að nýta sér upplýsingatæknina þarf að vera fyrir hendi. Til þess að vekja áhugann þarf að kynna hvernig hægt er að nýta sér upplýsingatækni út frá áhugasviði hvers og eins.

Vilji til þess að tileinka sér nýja hluti, þekkingu og vinnubrögð. Höfðað er til allra og stuðst er við kannanir varðandi vilja íbúa á svæðinu sem *Virkjum alla* nær til.

Kunnátta og færni í notkun upplýsingatækni þarf að vera til staðar. Einnig þurfa íbúar að hafa aðgengi að nauðsynlegum tenginum og búnaði, að ógleymdri fjárhagslegri getu.

Ávinningur af þátttöku þarf að vera augljós. Hann er hinsvegar mismikill og ræðst af aðstæðum, þörfum og væntingum hvers og eins. Hér eru nokkur dæmi um notkun upplýsingatækni sem flestir geta haft hag af:

- Aðgangur að menntun með fjarnámi og fræðslu í gegnum Netið.
- Beinn aðgangur að upplýsingum frá stjórnslu um t.d. þjónustu, fasteignagjöld, stöðu mála o.þ.h.
- Betra aðgengi að stjórnslunni, möguleiki að sinna erindum á tíma sem hentar hverjum og einum.

- Aukið aðgengi að verslun og þjónustu.
- Samskipti innan og utan við samfélagið.
- Umtalsverður sparnaður tíma og fjármuna m.a. í tengslum við útréttingar fyrir heimilið.
- Tilkynningar í netpósti í stað hefðbundins póst.
- Samkeppnishæfari - að vera framarlega í upplýsingartækninni.

Með skynsamlegri og frumlegri beitingu upplýsingatækni geta þeir sem búa og starfa á landsbyggðinni, brotið niður fjarlægðamúra og fært þjónustu nær búsetusvæði sínu ásamt því að geta boðið vörur sínar og þjónustu til annarra markaðssvæða. Einnig getur upplýsingatæknin aukið atvinnutækifæri fólks sem býr á landsbyggðinni í gegnum fjarvinnslu eða sölu á vörum og þjónustu sem eru óháð staðsetningu.

Verkþættir Virkjum alla

Verkefnið skiptist í nokkra verkþætti sem miða allir að markvissri uppbyggingu hins rafræna samfélags. Þessir verkþættir eru:

Uppbygging fjarskipta og tæknilegrar grunngerðar

Til þess að byggja upp rafrænt samfélag þarf virka þátttöku íbúanna sem þurfa að hafa aðgang að öflugum nettengingum sem gerir þeim kleift að fletta á milli vefsíðna með áættanlegum hraða. Möguleikar til nettenginga eru ákaflega misjafnir í Þingeyjarsýslu og hallar þar mikið á fyrir fólk sem býr utan þéttbýliskjarna. Við gerð verkáætlunar Virkjum alla var gert ráð fyrir að ISDN tenging væri komin inn á hvert heimili í landinu sem þess óskaði en eins og allir vita, þá dugar sú þjónusta skammt í dag.

Ein af megináherslum Virkjum alla er að þrýsta á fjarskiptafyrirtæki og stjórnvöld um að þau sinni uppbyggingu á fjarskiptaþjónustu á verkefnasvæðinu. Tækniþróunin hefur gert þjónustufyrirtækjum kleift að bjóða lausnir með lægri tilkostnaði en áður og hefur eMax riðið á vaðið með að bjóða þjónustu sína íbúum á verkefnasvæðinu. Þá gerði verkefnisstjórn nýlega samstarfssamning við Símann um tilraunaprófanir í dreifingu á þráðlausu netsambandi með nýrri tækni sem kallast WiMax. Vonir manna glæddust ennfremur þegar fréttist af stofnun fjarskiptasjóðs ríkissjóðs, sem brúa á jafnræðisbilið og gera íbúum, sem búa við erfið veður- og landfræðileg skilyrði, jafnt undir höfði hvað varðar aðgengi að samskipta- og upplýsingakerfum.

Uppbygging fræðslu og þekkingar

Markmið verkefnisins er fyrst og fremst að byggja upp þekkingu og færni í notkun á tölvu, Netinu og upplýsingatækni almennt. Stefnt er að því að uppræta hræðslu og kunnáttuleysi og gefa íbúum tækifæri til þess að nýta kosti tækninnar sér og sínum til framdráttar.

Fólk er misjafnlega á vegi statt hvað varðar notkun á upplýsingatækni. Yngsta kynslóðin hefur alist upp innan um tölvur og lítur á þær sem sjálfsagt tæki til daglegs brúks, aðrir hafa kynnst þeim síðar eða alls ekki. Virkjum alla hefur byggt upp fræðsludagskrá í samráði við Fræðslumiðstöð Þingeyinga, sem tók að sér umsjón með tölvunámskeiðum sem haldin eru m.a. í fjórum grunnskólum í sýslunni.

Áhersla er lögð á að bjóða stutt og markviss námskeið fyrir byrjendur á öllum aldri með áherslu á tölvufærni og ritvinnslu annars vegar og Netið og tölvusamskipti hins vegar. Leiðbeinendur námskeiðanna leggja áherslu á að sinna mismunandi þörfum og getu hvers þátttakanda, sem velur sjálfur hraða og yfirferð námsins. Eldri kynslóðin fær sérstaka aðstoð frá nemendum í grunnskólunum í héraðinu, á námskeiðum sem kallast “Ungir kenna öldnum” og “Kynslóðabruin”. Þar snýst hlutverkaskipanin við og yngri kynslóðin leiðbeinir þeim eldri við að læra á tölvuna og rata um Netið.

Þá munu íbúar hafa aðgang að fjarnámi með gagnvirku kennslufni um tölvunotkun, þar sem leitast er við að gera námið áhugavert og skemmtilegt. Stuðst var við vefnámskeið hannað af Menntasmiðju kvenna og

spannar það allar helstu aðgerðir sem tölvunotendur þurfa að kunna skil á, ásamt þjálfun í notkun Netsins við að rata um vöndunarhús veraldarvefsins.

Virkjum alla keypti tölvubúnað fyrir færanlegt tölvukennsluver, sem auðvelda mun alla tölvukennslu sem fram fer á verkefnasvæðinu. Um er að ræða tíu fartölvur sem fluttar eru á milli staða í sérstökum ferðakössum og segja má að nú sé hægt að halda námskeið við kertaljós úti sveit ef þurfa þykir! Fræðslumiðstöðin mun bjóða stéttarfélögum, félagasamtökum og öðrum áhugasömum að nota tölvukennsluverið til að halda kynningar á áhugaverðum vefsíðum með upplýsingum og þjónustu í tengslum við áhugamál og/eða atvinnugreinar.

Rafræn þjónusta

Þær upplýsinga- og þjónustuveitur sem byggðar verða upp eru nefndar “Torg”, til að missa ekki sjónar á hlutverki þeirra í samskiptum íbúa og samvinnu. Veftorgin á www.skjalfandi.is nefnast:

Skjalfandatorg sem opnar fólki aðgang að þeirri þjónustu, fróðleik og afþreyingu sem í boði verður á hinum veftorgunum. Skjalfandatorg er þannig rafræn ásýnd byggðarlagsins sem kappkostað verður við að halda lifandi og ferskri, til dæmis með fréttum af framgangi verkefnisins. Það á að vera auðvelt, áhugavert og gagnlegt að rata um þennan rafræna inngang og njóta þjónustunnar sem að baki býr.

Íbúatorg er sameiginlegur vettvangur sveitarfélaganna, ríkisins, þjónustustofnana og fyrirtækja sem veita íbúum aðgang að stjórnsýsluviðum, upplýsingum og gagnvirkri þjónustu með einföldum hætti. Íbúatorgið er einnig vettvangur fyrir lýðræðislega umræðu, s.s. með opnu samskiptatori og viðhorfskönnunum um ýmis málefni sem snerta byggðarlagið. Meðal þess sem boðið verður upp á er rafræn meðferð stjórnsýsluerinda, sem gerir íbúum kleift að sinna málum sínum á þeim tíma sem hentar þeim. Notendur Íbúatorgs munu skrá sig inn í upphafi og fá sent lykilorð sem gefur þeim aðgang að margvíslegri þjónustu sem sparar bæði tíma og fyrirhöfn. Einnig munu íbúar geta átt samskipti við þjónustufulltrúa á skrifstofu síns sveitarfélags og fengið svör við fyrirspurnum.

Fræðslutorg hefur meðal annars að geyma allar upplýsingar um námskeið í boði Virkjum alla og Fræþings, þá fræðsluviðburði sem á döfinni eru innan verkefnasvæðisins, ásamt hagnýtum fróðleik um nám almennt. Framtíðarhlutverk torgisins er að verða sameiginlegur vettvangur fræðslu í byggðarlaginu með áherslu á samvinnu, aðgengi og jafnræði. Fræðslutorgið getur þannig stuðlað að auknu samstarfi, um nýsköpun og þróunarstarf á sviðum rafrænna menntakerfa, símenntunar, fjarmenntunar og tæknilausna.

Sparitorgi er ætlað að efla íbúa í byggðarlaginu til góðrar fjármálastjórnunar á heimilis- og fyrirtækjabókhaldinu. Hér fara saman þarfir fyrirtækja og heimila því traustur fjárhagur er grundvöllur öflugs samfélags á framfarabraut. Sparitorginu er ætlað að útvíkka þá þjónustu sem íbúum stendur til boða í heimabönkum ásamt því að leggja áherslu á fræðslu og ýmis verkfæri sem auðvelda fólki að skipuleggja útgjöld sín og sparnað.

Heilsutorgi er ætlað að vera lykill að betri heilbrigðisþjónustu, þar sem nýjar samskiptaleiðir auðvelda aðgengi íbúa að heilsugæsluþjónustu, ásamt bættri fræðslu og ráðgjöf um heilbriggt lífni. Í upphafi verður lögð áhersla á ráðgjöf í reykbindindi og forvarnir í reykingum og síðar verður fjallað um aðra heilsuþætti, svo sem offitu, sykursýki, áfengisneyslu og fleira. Þá mun Heilbrigðisstofnunin starfrækja nýtt rafrænt tímabókunarkerfi heimilislækna á Heilsutorgi, sem er fyrsta sitt tegundar á landinu og eru miklar vonir bundnar við áframhaldandi þróun á slíkum rafrænum lausnum í samstarfi við Theriak og TM Software á Akureyri.

Rafrænt markaðstorg hefur það markmið að auka samkeppnishæfni fyrirtækja og stofnana í Þingeyjarsýslu gagnvart sambærilegum aðilum í stærri þéttbýliskjörnum. Rafræn viðskipti geta lækkað innkaupa- og umsýslukostnað og aukin hagkvæmni í rekstri skilar sér til kaupenda að vöru og þjónustu í

lægra vöruverði. Seljendur auka þannig samkeppnishæfni sína og geta keppt við aðra birgja á landsvísu. Með því að vera í fararbroddi á þessu sviði skapar samfélagið sér því forskot og stuðlar að nýsköpun og uppbyggingu atvinnulífsins á svæðinu.

Rannsóknir á samfélaginu

Mikil áhersla verður lögð á rannsóknir á áhrifum verkefnisins á samfélagið svo hægt sé að meta hvaða áhrif aukin notkun upplýsingatækninnar hefur á íbúa, fyrirtækjarekstur og þjónustu opinberra stofnana. Framkvæmdar verða þrjár stórar rannsóknir á verkefnistímanum auk smærri viðhorfskannana. Búið er að framkvæma fyrstu rannsóknina sem var víðtæk síma- og víðtalskönnun um tölvulæsi, notkun og grunngerð fjarskipta í byggðarlaginu og upplifun íbúa af notkun tölvu og rafræna samskipta. Niðurstöðurnar eru birtar á heimasíðu Virkjum alla www.skjalfandi.is og gefa þær meðal annars mikilvægar upplýsingarnar um þarfir íbúanna fyrir stuðning og fræðslu í tölvu- og netnotkun.

Starf vinnuhópa

Vinnuhópar um ofangreinda verkþætti Virkjum alla voru settir á laggirnar í upphafi verkefnisins og var leitað til breiðs hóps íbúa um þátttöku, til að tryggja að mismunandi sjónarmið og þarfir kæmu fram. Alls störfuðu rúmlega sextíu manns í hópum og skiluðu þeir niðurstöðum sínum, sem notaðar eru við uppbyggingu á þjónustu veftorganna. Leitað verður áhlits og umsagnar fulltrúa íbúa við að meta tillögur og fylgjast með þróun lausna.

Aðdragandi verkefnisins Rafrænt samfélag

Samkeppni um tillögur að rafrænu samfélagi var haldin árið 2003 af Byggðastofnun og Iðnaðarráðuneytinu með það markmið að bjóða byggðarlögum í landinu tækifæri til að hrinda í framkvæmd metnaðarfullum aðgerðum sem hefðu það að leiðarljósi að auka menntun og menningarstarfsemi, bæta afkomu íbúanna, auka nýsköpun í atvinnulífi, bæta heilsugæslu og félagslegar aðstæður og efla lýðræðið.

Verkefninu er ætlað að hafa víðtæk áhrif á þróun viðkomandi byggðarlaga og skapa þannig fyrirmynd fyrir önnur byggðarlög. Mikill áhugi var á samkeppninni og skiluðu 13 sveitarfélög eða hópar sveitarfélaga inn umsókn um þátttöku. Forvalsnafnd á vegum ráðuneytisins valdi fjórar umsóknir úr þeim hópi til áframhaldandi þátttöku í samkeppninni. Þessi fjögur verkefni fengu styrk til að ljúka ítarlegum verkefnisumsóknum sem var skilað inn í sumarlok 2003. Þann 24. september 2003 tilkynnti valnefnd að valin hefðu verið tvö verkefni. Annars vegar samstarfsverkefni þriggja sveitarfélaga Árborgar, Hveragerðis og Ölfuss og hinsvegar verkefnið *Virkjum alla- rafrænt samfélag* sem Húsavík, Aðaldælahreppur og Þingeyjarsveit eru aðilar að. Markmið verkefnisins í heild sinni er að treysta stöðu upplýsingasamfélagsins á landsbyggðinni svo íbúar hennar geti á sem bestan og hagkvæmastan hátt nýtt sér þann ávinning sem upplýsinga- og fjarskiptatæknin býður upp á.

Samningur milli Byggðastofnunar og sveitarfélaganna þriggja var undirritaður í Byggðasafni Húsavíkurbæjar þann 3. mars 2004 og markaði sú undirskrift formlegt upphaf verkefnisins sem er til þriggja ára og lýkur 31. desember 2006. Verkefnisumsóknin var unnin í náinni samvinnu við helstu samstarfsaðila verkefnisins en þeir eru: ANZA hf sem er tölvurekstrar- og ráðgjafarþjónusta, Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Sparisjóður Suður-Þingeyinga og Auðkenni sem eru sérfræðingar í rafrænum skilríkjum.

Þegar ljóst var að verkefnið Virkjum alla hefði sigrað í samkeppninni, var tekin sú ákvörðun að stofna hlutafélag utan um rekstur þess sem hlaut nafnið Buski ehf. Tilgangur þess er annarsvegar sá að sinna fjárhagslegri umsýslu og verkefnastjórnun og hinsvegar að skapa vettvang fyrir önnur verkefni á sviði upplýsingatækni, sem stuðla að nýsköpun og farsæld fyrir byggðarlaginu til lengri tíma litið. Ákvörðun var tekin um það að ráða framkvæmdastjóra til Buska sem jafnframt yrði verkefnisstjóri Virkjum alla.

Sveitarfélögin sem standa að þessu verkefni binda miklar vonir við að það geti orðið uppspretta nýsköpunar og atvinnuuppbyggingar á svæðinu.